

Græn Norðurlönd – bregðast við loftslagsvanda

Formennskuáætlun Finna
í Norrænu ráðherranefndinni 2011







Græn Norðurlönd – bregðast við loftslagsvanda

Formennskuáætlun Finna í Norrænu ráðherranefndinni 2011

ANP 2010:776

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2010

ISBN 978-92-893-2155-6

Hönnun: Jette Koefoed

Ljósmyndir:

ImageSelect: bls. 1, 2, 12, 17,21, 24, 29, 33

Visit Finland: bls. 8, 22, 41, 45

Johannes Jansson/norden.org: bls. 37, 49, 52

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Sími (+45) 3396 0400

Bréfasími (+45) 3311 1870

Norðurlandaráð

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Sími (+45) 3396 0200

Bréfasími (+45) 3396 0202

www.norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heimi.

Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð eiga aðild að samstarfinu, auk sjálfstjórnarsvæðanna Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og hefur mikið vægi í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í sameiningu er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Norræna samstarfið miðar að því að efla hag og gildismat Norðurlanda í hnattvæddum heimi. Sameiginleg gildi styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra landsvæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.



Græn Norðurlönd – bregðast við loftslagsvanda

Formennskuáætlun Finna
í Norrænu ráðherranefndinni 2011

Efnisyfirlit

- 9 **Fyrri hluti:**
Áherslur og markmið í formennskuáætlun Finna
- 9 Loftslagsmál í öndvegi
- 13 Tenging við hnattvæðingaraðgerðir
- 16 Grasrótin er grunnurinn að norrænu samstarfi

- 25 **Seinni hluti:**
Áætlanir á samstarfssviðum
- 25 Menning og æskulýður
- 30 Menntun og rannsóknir
- 34 Umhverfismál
- 38 Atvinnulíf, orkumál og byggðastefna
- 42 Efnahags- og fjármál
- 43 Landbúnaður, skógrækt, sjávarútvegur og matvæli
- 47 Félags- og heilbrigðismál
- 53 Jafnrétti
- 53 Vinnumál
- 55 Löggjafarsamstarf

Ávarp forsætisráðherra og samstarfsráðherra

Markvisst samstarf gerir norrænu ríkjunum kleift að takast á við síbreytileg viðfangsefni. Norrænt samstarf er hagnýtt og þróttmikið og byggir á styrkum stoðum.

Rauður þráður í formennskuáætlun Finna í Norrænu ráðherranefndinni 2011 verða aðgerðir til að bregðast við loftslagsvandinum. Hlýnun jarðar er vandamál sem brýnt er að takast á við í hverju ríki sem og á alþjóðavettvangi. Við hyggjumst grípa til aðgerða á öllum samstarfssviðum til að stemma stigu við loftslagsbreytingum og sýna þannig fram á að norrænu ríkin eru brautryðjendur í því starfi.

Á formennskuári verða ekki kynntar nýjar áætlanir heldur stutt við og aukið það loftslagsstarf sem þegar er hafið á öllum sviðum.

Með auknum samskiptum í hnattvæddum heimi hefur svæðasamstarf reynst skilvirkt og hagkvæmt. Athygli heimsins beinist nú að nýju að norrænu samstarfi sem fyrirmynd fyrir svæðasamstarf annarra þjóða. Þau tækifæri sem felast í svæðasamstarfi til að skapa frið og stöðugleika eru aftur komin í sviðsljósið. Í hnattvæðingarstarfinu munu Finnar sem formennskubjóð leggja áherslu á að flytja út norræna sérþekkingu sem og samstarfshætti. Finnska utanríkisstofnunin hefur staðið að viðamiklu rannsóknaverkefni, Norden 2020, um stöðu og hlutverk Norðurlanda á alþjóðavettvangi og eru niðurstöður væntanlegar á sumardögum 2011.

Öryggi og stöðugleiki ríkir nú í Norður-Evrópu þar sem Eystrasaltssvæðið er ákveðin miðja en einnig Norðurhöf. Stöðugleiki er einnig meiri vegna æ öflugra samstarfs norrænu ríkjanna um utanríkis- og öryggismál og stækkunar Evrópusambandsins og Norður-Atlantshafsbandalagsins. Norrænu ríkin eiga einnig mörg tækifæri til að starfa saman að hernaðarlegri hættustjórnun og í norrænni orrustusveit ESB. Með samstarfi getum við náð meiri hagkvæmni og afkastagetu en ella, m.a. í utanríkisþjónustu ríkjanna.

Finnar styðja og munu beita sér fyrir breytingum á starfsháttum og skipulagi Norrænu ráðherranefndarinnar í ljósi úttektar sem gerð var árið 2008. Þá verður haldið áfram að efla og einfalda stjórnsýslusamstarf landanna. Finnar munu leitast við að auka pólitískt vægi þeirrar umræðu sem fram fer á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Í fyrri hluta áætlunarinnar eru farið yfir forgangssvið Finna á formennskuárinu. Seinni hlutinn fjallar um verkefni og markmið einstakra samstarfssviða.

Formennskuáætlunin kveður á um viðburði, málþing og umræður æðstu ráðamanna sem eiga að varpa kastljósi á norræn málefni og áhersluatriði formennskuáætlunarinnar. Fyrsti viðburðurinn verður stjórnsýsluráðstefna fyrir Eyrstrasaltssvæðið sem haldin verður í Turku í janúar-febrúar 2011 þar sem kynntar verða sjálfbærar lausnir á ýmsum stjórnsýslustigum.

Dagskrá ráðstefnunnar var samin í samstarfi við landstjórn Álandseyja.



MARI KIVINIEMI
Forsætisráðherra



JAN VAPAAVUORI
Samstarfsráðherra



Loftslagsmál í öndvegi

Norðurlönd í fararbroddi í loftslagsmálum

Norðurlönd eru í fararbroddi í loftslagsmálum. Í baráttu ríkjanna til að stöðva hlýnun jarðar sameinast kjarnahæfni í umhverfistækni og einbeittur pólitískur vilji. Eigi okkur að takast að sporna gegn loftslagsbreytingum þarf að grípa til markvissra aðgerða á öllum stjórnunarstigum; í sveitarfélögum, landshlutum, ríkjum og á alþjóðavettvangi. Þetta verður að vera leiðarljós í öllum sameiginlegum aðgerðum okkar.

Eins og vænst er af Norðurlandabúum ber okkur að bregðast við á árangursmiðaðan og raunsæjan hátt. Með samheldni náum við árangri og sköpum raunverulegan virðisauka. Norrænt samstarf er vel skipulagt og styðst við skilvirka stjórnsýslu og víðtæka sérfræðipækkingu. Í alþjóðlegum samningaviðræðum um loftslagsmál geta Norðurlandþjóðirnar nýtt sérfræðipækkingu sína og skýrt mál sem mestu varða í samningum – sérfræðipækking er mikils metin og þegar svo þungvæg málefni eru til umfjöllunar leggja menn við hlustir.

Rauður þráður í formennskuáætlun Finna eru aðgerðir í loftslagsmálum. Öll samstarfsríkin hafa mótað sér metnaðarfulla stefnu og gert áætlanir í loftslags- og orkumálum. Með því að samhæfa aðgerðir og stefna að sama markmiði aukum við áhrif okkar og fáum áorkað meiru.

Finnar munu á formennskuári leggja áherslu á eftirfarandi í loftslagsmálum:

- Samstarf stjórnsýslunnar
- Nýskapandi víxlverkun
- Samstarf við frumbyggja

Áhrifa loftslagsbreytinga gætir einkum á jaðarsvæðum Norðurlanda. Því er afar brýnt að bregðast við þeim og stuðla að sjálfbærri þróun á heimskautasvæðum. Norðurlandþjóðir axla einnig ábyrgð á hlýnun andrúmslofts í þróunarríkjum en Norræni þróunarsjóðurinn fjármagnar einmitt loftslagsverkefni í þessum ríkjum.

Þátttaka atvinnulífsins

Sjálfbær efnahagsþróun í löndum okkar er ætíð undir því komin að virðing sé borin fyrir umhverfisverðmætum og tillit tekið til félagslegra þátta. Neyslumynstur og framleiðsluhættir skipta sköpum fyrir umhverfið og samkeppnishæfni ríkjanna.

Finnar munu á formennskuári leita lausna á því hvernig:

- gæta megi betur að umhverfinu þegar ákvarðanir eru teknar í atvinnulífinu
- bæta megi lífskjör þó minna sé losað af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið

Umhverfisiðnaður er í örum vexti og þar eru Norðurlönd í fararbroddi. Atvinnulíf á tímum hnattvæðingar kallar á nýjar grænar framleiðslugreinar og viðskiptahugmyndir sem miða að minni koltvísýringslosun. Finnar munu á formennskuári fylgja eftir framtíðarsýn hnattvæðingarþingsins um Norðurlönd sem „grænan dal“ í Evrópu og styðja við nýsköpunarfyrirtæki sem koma hreinni tækni frá Norðurlöndum á heimsmarkað.

Norræna samstarfsáætlunin í umhverfis- og orkumálum liggur til grundvallar aðgerðum í loftslagsmálum. Langtímamarkmið er að orkuveita verði skilvirk, samkeppnishæf, örugg og sveigjanleg og að farnar verði loftslagsvænar leiðir í húsnæðismálum. Í skipulagsáætlunum ríkis og sveitarfélaga má vinna markvisst gegn loftslagsbreytingum með visthæfum lausnum í byggingar- iðnaði, húsnæðismálum og samgöngum. Í frumframleiðslu er brýnt að auka orkunýtni og leita leiða til að tryggja næga matvælaframleiðslu fyrir mannkynið og sjálfbæra skógrækt, einnig til framtíðar. Með norrænni þekkingu getum við stuðlað að nýsköpun og nýjum lausnum þar sem orkunýtni er betri og koltvísýringslosun minni.

Sjálfbær hagvöxtur kallar á djarfar breytingar og nýsköpun í efnahagslífi. Norrænu ríkin þurfa að tileinka sér nýjar og visthæfar tæknilausnir og starfshætti. Með upplýsingatækni má auka umhverfisskilvirkni þar sem sparnaður felst í því þegar efniviður, samstarfshættir og ýmis þjónusta verða stafræn. Auk tækniþróunar þarf að breyta umfangi og eðli neyslunnar og nýta sér reynslu neytenda.

Í baráttunni gegn hlýnun jarðar ber að huga að félagslegum þáttum sjálfbærrar þróunar. Brýnt er að eiga samræður við fulltrúa atvinnulífsins um leiðir til að bregðast við breytilegum aðstæðum og viðfangsefnum nútímans. Efnahagslíf sem byggir á minni losun koltvísýrings kallar á breytta markaðs- hegðun og nýjar aðstæður á vinnumarkaði og í starfsumhverfi fyrirtækja.

Kanna þarf áhrif loftslagsbreytinga á atvinnusköpun og meta þörf á vinnuafli og hæfni til framtíðar.

Sjálfbærar lausnir í landshlutum og sveitarfélögum

Í norrænu áætluninni um sjálfbæra þróun frá 2008 er hagvöxtur, góð lýðheilsa og öruggt og lífvænlegt umhverfi nátengd og forsendur sjálfbærrar þróunar.

Norðurlönd eru í fararbroddi í heiminum þegar kemur að hlutdeild grasrótarinnar í að hrinda áætlunum um sjálfbæra þróun í framkvæmd. Fólk hefur einnig verið hvatt til að leggja hönd á plóg við skipulag og framkvæmd aðgerða í sínu nánasta umhverfi.

Finnar munu á formennskuári beita sér fyrir samstarfi ríkja, sveitarfélaga, landsvæða, fyrirtækja og samtaka til að stuðla að sjálfbærari Norðurlöndum og Eystrasaltssvæði.

Fyrsta skrefið verður tekið með viðamikilli ráðstefnu um sjálfbæra þróun sem haldin verður í Turku um mánaðamótin janúar/febrúar. Þar verða kynntar lausnir í anda hugmyndafræði um sjálfbæra þróun frá öllum norrænu ríkjunum og Eystrasaltsríkjunum og stuðningur veittur þeim sem vilja breyta starfsháttum sínum, þjónustu og framleiðslu í átt til aukinnar sjálfbærni, einnig þegar til lengri tíma er liðið.

Með því að skiftast á reynslu af góðum starfsháttum og lausnum:

- má efla samstarf og atvinnurekstur
- er hægt að finna nýja samstarfsaðila og skapa ný félagsmenningarleg líkön
- má bæta forsendur sjálfbærrar þróunar á öllu svæðinu



Tenging við hnattvæðingaraðgerðir

Norræna ráðherranefndin hóf hnattvæðingaraðgerðir á árinu 2007 en þá gegndu Finnar einnig formennsku í nefndinni. Sú áhersla sem forsætisráðherrarnir leggja á hnattvæðingarstarfið hefur komið samstarfinu í sviðsljósið og hleypt miklum krafti í samstarf fagráðherranna.

Raunhæfar aðgerðir eru hornsteinninn í hnattvæðingarferlinu

Verkefnið efla samkeppnishæfni í norrænu efnahagslífi og skapa lausnir á þeim viðfangsefnum sem velferðarkerfin standa andspænis á tímum hnattvæðingar. Finnar munu á formennskuári halda áfram þeim árangursríku verkefnum sem samþykkt hafa verið og leggja sig fram um að gera þau sýnileg. Aðaláherslan verður lögð á að ljúka verkefnum í stað þess að ráðast í ný.

Viðfangsefni verkefnanna eru:

- loftslags-, umhverfis- og orkumál
- rannsóknir, menntun og nýsköpun
- stjórnsýsluhindranir
- öflug kynning á Norðurlöndum sem fyrirmyndarsvæði

Hnattvæðingarþing verður haldið en það hefur verið árlegur viðburður síðan 2008. Undir stjórn forsætisráðherranna fara fram viðræður um sameiginleg viðfangsefni við fulltrúa atvinnulífs, fræðimenn og rannsóknarstofnanir, stjórnáráðgjafar, fjölmiðlafólk og ýmis hagsmunasamtök. Finnar styðja starf sem unnið er í starfshópi um grænan hagvöxt en hann var settur á laggirnar á hnattvæðingarþingi 2010 til að kortleggja styrkleika ríkjanna. Niðurstöður hópsins verða kynntar á hnattvæðingarþingi 2011.

Ýmis umhverfisvandi sem hefur áhrif á velferð almennings er nátengdur þeim hnattvæðingarverkefnum sem nú eru unnin. Sameiginlegar aðgerðir felast m.a. í því að draga úr notkun efna sem eru hættuleg heilsu manna og umhverfi og móta stefnu um efnatöku, framleiðsluhætti og meðferð úrgangs. Þá þarf að efla s.k. vistferilshugsun, greiða fyrir markaðssetningu á óskaðlegum vörum, auka nýtni á efni og orku og leggja áherslu á sjálfbærni og endingu vörunnar.

Á grundvelli rannsókna og nýsköpunar

Öndvegisrannsóknaáætlunin hefur verið viðamesta norræna samstarfsverkefnið á sviði rannsókna og nýsköpunar um áraræði.

Þar koma saman fremstu sérfræðingar í rannsóknum og nýsköpun á sviði loftslags-, orku- og umhverfismála og leggja grunn að auknu samstarfi á alþjóðavettvangi. Í fyrsta áfanga áætlunar um öndvegisrannsóknir er áhersla lögð á loftslags-, orku- og umhverfismál en í næsta áfanga verða færðar út kvíarnar og heilbrigðis- og velferðarrannsóknir settar í forgang.

Tryggja ber vísindamönnum bestu tæki og skilyrði sem kostur er á til að ryðja nýjum öndvegisrannsóknum og kjarnahæfni braut. Upplýsingatæknin gerir fólki kleift að vinna saman í tengslanetum þar sem upplýsingum og kröftum er dreift á markvissan hátt. Þannig skapast skilyrði fyrir opnar rannsóknir þar sem rannsóknaaðferðir, gögn og niðurstöður eru öllum aðgengilegar. Rafræn vísindi (eScience) styðjast við nýjustu upplýsingatækni, gagnasöfn og tæki sem ljúka upp nýjum dyrum í vísindasamstarfi. Þessar nýjungar útvíkka viðfangsefni fræðanna og greiða fyrir þverfaglegum rannsóknum.

Til að standa vörð um samkeppnishæfni okkar:

- þurfa rannsóknarteymi á Norðurlöndum að vinna saman og sameina krafta sína
- þarf búnað til að nýta og stjórna ört vaxandi gagnasöfnum
- þarf að nýta háskilvirk útreikningskerfi við gerð líkana og hermun

Gæði menntunar og símenntun

Í þekkingarsamfélagi þar sem hagvöxtur byggir á nýsköpun er þörf á mikilli þekkingu í öllu samfélaginu. Með því að mennta markvisst alla aldurshópa og bæta stöðugt gæði menntunar má:

- auka líkur á góðu lífi
- skapa atvinnutækifæri
- efla samkeppnisstöðu í efnahagslífi
- bæta velferðarþjónustu

Öflugar norrænar mannaskiptaáætlanir, samstarfsverkefni og samstarfsnet auka gæði í menntun og styrkja stöðu Norðurlanda í hnattrænu mennta- og rannsóknarsamstarfi.

Hæfniskröfur í atvinnulífi og launþegasamtökum breytast ört. Störfum fjölga þar sem krafist er mikillar fagþekkingar og félagsþæfni. Jaðarstaða á vinnu-markaði er hættuleg einstaklingum sem og þjóðarhag. Norrænu ríkin geta spornað gegn því með því að miðla sín á milli þekkingu og góðri reynslu.

Samfélagsbreytingar og hærri meðalaldur kalla á aukna símenntun; þekkingu og hæfni þarf sífellt að auka. Jafnræði í menntun og símenntun er mikilvægt norræn gildi, mannlegt, félagslegt og efnahagslegt.

Viðfangsefni í norræna velferðarkerfinu

Jöfn þátttaka og áhrif borgaranna eru hornsteinn velferðar og samkeppnishæfni. Með markvissum og stöðugum pólitískum aðgerðum er hægt að hafa áhrif á hnattvæðinguna og afleiðingar hennar. Velferð okkar til framtíðar ræðst einnig af almennri þátttöku borgaranna til að ná fram sameiginlegum markmiðum.

Mikil þátttaka á vinnumarkaði og framboð á starfskröftum eru forsendur þess að stöðugleiki ríki í efnahagslífi og fólk njóti velferðar. Hærri meðalaldur, hlýnun jarðar og fjármálakreppur hafa áhrif á framleiðsluhætti og þekkingarkröfur. Brýnt er að bæta aðlögunarhæfni einstaklinga og fyrirtækja þegar umskipti og breytingar verða á vinnumarkaði. Með góðum starfsháttum getum við skapað atvinnutækifæri, aukið framleiðni og bætt vinnumarkaðinn í ríkjunum. Norrænar hnattvæðingaraðgerðir stuðla m.a. að stofnun nýrra grænna vinnustaða.

Hærri meðalaldur kallar á verulegar skipulagsbreytingar til að standa megi vörð um og fjármagna velferðarkerfið. Brýnast er að lengja starfsaldur og eigi það að takast þarf að efla félagslega virkni og bæta heilsufar og aðstæður á vinnumarkaði.

Karlar og konur á Norðurlöndum taka þátt í atvinnulífi á sömu kjörum og því er atvinnuþátttaka mikil. Jafnrétti kynjanna gerir okkur kleift að njóta hæfni beggja kynja til að byggja upp samfélagið. Kynskiptur vinnumarkaður er enn vandamál. Einnig að foreldrar skuli ekki bera jafna ábyrgð á umönnun barna sinna.

Brýnt er vinna áfram að jafnrétti á öllum sviðum norræns samstarfs, ekki síst í hnattvæðingarferlinu. Sameiginlegt markmið er að félagslegt og menningarlegt jafnrétti ríki milli allra þjóðfélagshópa og fólks af erlendum uppruna.

Styrkja þarf enn frekar forsendur fyrir valfrelsi einstaklingsins og hreyfanleika starfsfólks og fyrirtækja. Enn takmarkast störf og önnur hreyfanleg starfsemi á milli ríkja af ýmsum vandamálum, t.d. varðandi almannatryggingar, skattamál og viðurkenningar á prófum. Stjórnvöld verða að auka samstarf sitt um að afnema stjórnsýsluhindranir.

Grasrótin er grunnurinn að norrænu samstarfi

Viðtæk þátttaka grasrótarinnar einkennir norrænt samstarf. Finnar munu á formennskuári hvetja ólíka samfélagshópa til að taka þátt í samstarfinu og bæta aðstöðu þeirra til slíkrar þátttöku. Brýnt er að samstarfið hafi einnig áhrif á grannsvæðum og í grannríkjum Norðurlanda.

Norðurlönd borgaranna

Að virkja ungt fólk í norrænu starfi

Brýnt er að efla sjálfsmynd norrænna ungmenna og skilning þeirra á tungumálum Norðurlanda svo tryggja megi framtíð norræns samstarfs.

Finnar vilja á formennskuári auka þekkingu ungs fólks á:

- menningarlegum, samfélagslegum og sögulegum tengslum norrænu ríkjanna
- norrænum samstarfsaðferðum
- mikilvægi tungumálakunnáttu

Þá munu Finnar á formennskuári fjalla um móðurmálskenndu nýbúa og kenndu í tungumáli nýja búsetulandsins.

Efla ber norrænan málskilning meðal ungs fólks og kveikja áhuga þess á norrænu samstarfi. Í því skyni má m.a. nýta Nordjobb og ýmsar þróunar-, tengslanets- og ferðastyrkjaáætlanir innan ramma Nordplus. Finnar munu á formennskuári leggja áherslu á hreyfanleika fólks og ferðastyrkjaáætlanirnar.

Viðfangsefni til framtíðar verður að tryggja greiðan aðgang ungmenna að menntun, störfum og símenntun. Þá eru vinnumarkaðsspár mikilvægar og hvernig til tekst að skapa jafnvægi milli eftirspurnar og framboðs á starfskröftum en þessir þættir eru kortlagðir í viðamikilli rannsókn sem Norræna ráðherranefndin hefur ýtt úr vör. Niðurstöður hennar munu liggja fyrir á formennskuárinu og verður þá haldið málþing sérfræðinga á þessum sviðum.

Í haustbyrjun 2011 verður haldin loftslagshátíð fyrir ungt fólk en þar munu háskólanemar í ýmsum greinum fjalla um ýmis málefni sem tengjast loftslags- og umhverfismálum. Markmið hátíðarinnar er í anda meginþema formennskulandsins en það er að hvetja ungt fólk til að bregðast við loftslagsbreytingum og fá hugmyndir að nýjum leiðum í norrænu samstarfi.



Norrænn tungumálaskilningur

Norrænu tungumálin eru ein driffjöður samstarfsins. Tungumálakunnátta er mikilvæg til að efla norræna sjálfsmynd, samkennd og skilning á sameiginlegri sögu þjóðanna. Norræn tungumál eru kennd á Norðurlöndum sem og víðar. Víðtæk þekking á tungumálum og menningu auka einnig víðsýni og skilning á öðrum menningarheimum og gildum.

Ýmis verkefni í ríkjunum og samstarfinu, þar á meðal Svenska NU-áætlunin, stuðla að því að auka þekkingu og skilning ungmenna á norrænum tungumálum. Finnar munu á formennskuári halda málþing þar sem fjallað verður um hvernig greiða megi fyrir hreyfanleika fólks og norrænum tungumálum en niðurstöður þingsins verða nýttar til að undirbúa nýtt tímabil í Nordplus-áætluninni.

Afnám stjórnsýsluhindrana í þágu almennings

Hreyfanleiki einstaklinga og fyrirtækja á milli norrænu ríkjanna ræðst af því að stjórnsýsluhindrunum verði rutt úr vegi.

Vettvangur um stjórnsýsluhindranir undir stjórn Ole Norrback hefur fengið framlengt framboð sitt til starfa næstu þrjú árin. Vettvangurinn hefur bent á og komið með lausnir á ýmsum stjórnsýsluhindrunum en þó er margt óunnið í þeim efnum. Til viðbótar því að afnema stjórnsýsluhindranir er markmið þessa samstarfsvettvangs að samræma betur stjórnsýslu ríkjanna. Þannig má koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir myndist þegar unnið er að undirbúningi og gildistöku löggjafar í ríkjunum eða ESB.

Norrænu ríkisstjórnirnar eru fylgjandi auknu samstarfi til að auðvelda fólki að búa, starfa og stunda nám í nágrannaríkjunum.

Viðskipti milli ríkja og landamærasvæða þarf að einfalda enn frekar og auka. Eins þarf að greiða veginn fyrir þeim sem vilja stunda atvinnurekstur eða sækja atvinnu á milli ríkjanna. Þá þarf að afnema stjórnsýsluhindranir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, ekki síst á sviði skattamála, viðskipta og almanna-trygginga. Í því starfi ber að nýta reynslu upplýsingaþjónustunnar Halló Norðurlönd.

Það er eðlilegt og mikilvægt að beina einnig sjónum að stjórnsýsluhindrunum í samstarfi landamærasvæða. Margar nefndir á landamærasvæðum sem Norræna ráðherranefndin styrkir vinna með stjórnsýsluhindranir. Finnar munu leggja áherslu á starf sem unnið er á vegum samtaka á landamærasvæðum og tengja það öðru starfi sem lýtur að stjórnsýsluhindrunum.

Starfsemi Halló Norðurlönd eflist þegar ný skrifstofa opnar í Maríuhöfn í byrjun árs 2011.

Ný viðfangsefni í menningarsamstarfi

Norrænt menningarsamstarf hefur um margt verið til fyrirmyndar í heiminum. Stoðir þess eru sameiginleg gildi Norðurlanda þar sem áhersla er lögð á lýðræði, jafnrétti, vísýni og menningarlega fjölbreytni. Víðtækur skilningur ríkir meðal almennings um mikilvægi menningarinnar.

Norrænu ríkin leggja áherslu á þann auð sem felst í menningunni. Menningarneysla á Norðurlöndum er mikil en í því sambandi má benda á að sjálfbærni í loftslags- og umhverfismálum felst m.a. í því að umbreyta efnislegri neyslu í vitsmunalega neyslu.

Hreyfanleiki á milli norrænu ríkjanna og um allan heim bætir stöðu skapandi listafólks. Náið samstarf menningarlífs og fyrirtækja í norrænu ríkjunum gerir þeim kleift að láta að sér kveða sem miðstöð skapandi greina. Í norrænu samstarfi hafa ríkin hleypt menningarverkefnum af stokkunum til að bregðast við hnattvæðingunni og efla sköpunariðnaðinn.

Hlutverk menningarinnar skýrist ef ríkin taka höndum saman um að auka norræna þekkingu og treysta þannig stoðir í menningartengdu starfi, rekstri og atvinnugreinum. Menningar- og listastofnanir í ríkjunum geta lært hver af annarri og unnið saman á alþjóðavettvangi. Samstarfshættir taka einnig tillit til þarfa jaðarsvæðanna. Menningarsamstarf um gervöll Norðurlönd hefur verið endurskipulagt til að sinna betur þörfum og markmiðum í síbreytilegu starfsumhverfi.

Í norrænu vinabæjasamstarfi hafa sveitarfélögin fengið aðgang að gagnlegum upplýsingum og reynslu annarra sem nýtist þeim þegar ákvarðanir eru teknar. Breytingar á sveitarstjórnarstigi víða á Norðurlöndum hafa orðið þess valdandi að samstarfstengsl hafa rofnað en önnur myndast í staðinn. Finnar vilja hafa áhrif á gang mála og munu því á formennskuári standa að úttekt á stöðu mála í norrænu vinabæjasamstarfi.

Samskipti þjóðanna fara einnig fram á vettvangi norrænu félaganna en áherslur þeirra eru þó ólíkar í löndunum. Norrænu félögin gegna mikilvægu hlutverki í að halda norrænum málefnum á lofti meðal almennings.

Grannlandsvæði og grannhafsvæði

Norðvestur-Rússland, heimskautasamstarfið, Vestur-Norðurlönd, Norðlæga víddin og svæðaráð á norðurslóðum

Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf við Norðvestur-Rússland og fjármögnun þess gildir fyrir tímabilið 2009–2013.

Samstarfssviðin eru:

- menntun, rannsóknir og nýsköpun, þar á meðal skapandi atvinnugreinar
- umhverfis-, loftslags-, og orkumál
- bætt skilyrði fyrir efnahagslegt samstarf og viðskipti
- aðgerðir gegn spillingu
- samstarf innan Norðlægu víddarinnar
- lýðræðisuppbygging og stuðningur við borgaralegt samfélag

Norræna ráðherranefndin á samstarf við héraðsstjórnir, sveitarstjórnir, hagsmunasamtök og háskóla en skrifstofur hennar í Pétursborg og Kalíníngrad hafa umsjón með norrænum verkefnum.

Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Norðvestur-Rússland kemur til viðbótar við samstarf annarra stofnana á þessum svæðum, þeirra á meðal eru Norðurskautsráðið, Barentsráðið og Eystrasaltsráðið. Finnar munu halda áfram að samræma betur störf ráðanna.

Heimskautasamstarfið ber að auka og dýpka. Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um heimskautasvæðin 2009–2011 er lögð áhersla á mikilvægi sjálfbærrar þróunar en þar er einnig dreginn upp rammi fyrir heimskautasamstarf ráðherranefndarinnar. Verkefnum hefur verið hleypt af stokkunum á heimskautasvæðum með norrænni fjármögnun. Finnar munu á formennskuári styðja það samstarf og samskipti við alla aðila á norðurskautssvæðunum.

Áætlun um samstarf við Nágranna Norðurlanda í vestri verður samþykkt á árinu 2011.

Norræna ráðherranefndin kemur að stefnumótun Norðlægu víddarinnar. Hún styður samstarf innan Norðlægu víddarinnar, einkum nýtt menningarsamstarf og samstarf um félags- og heilbrigðismál. Samstarf um samgöngur, flutninga og umhverfismál eru forsendur fyrir samstarfsverkefnum um umhverfis-, orku- og efnahagsmál. Með samstilltu átaki innan Norðlægu víddarinnar geta norrænu ríkin haft áhrif á gang mála á grannsvæðunum og jafnvel víðar.





Northern Dimension Institute, NDI, er háskólanet í ýmsum fræðigreinum en ráðherranefndin getur nýtt sér úttektir sem verkefnishópar stofnunarinnar vinna um málefni norðurslóða.

Samstarf við Eystrasaltsríkin

Samstarf Norðurlanda við Eystrasaltsríkin á sér langa sögu. Áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um samstarf við Eistland, Lettland og Litháen gildir fyrir tímabilið 2009–2013.

Forgangssviðin eru:

- menntun, rannsóknir og nýsköpun
- atvinnulíf, klasasamstarf og sköpunariðnaður
- umhverfis-, loftslags- og orkumál
- viðfangsefni velferðarkerfis yfir landamæri
- samstarf landamærasvæða

Ferðastyrkjaáætlanir Norðurlanda og Eystrasaltsríkja ná til opinberrar stjórnsýslu, atvinnulífs og menningarsamstarfs. Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Tallinn, Ríga og Vilnías hafa umsjón með þeim og skapa verulegan virðisauka í samstarfi ríkjanna.

Eystrasalt í sviðsljósinu

Norræna ráðherranefndin tekur þátt í framkvæmd Eystrasaltsáætlunar ESB, einkum varðandi lausnir á umhverfisvanda í Eystrasalti. Ráðherranefndin hefur lýst sig reiðubúna til að reka 3–4 flaggskipsverkefni í nánnum tengslum við það samstarf sem þegar er hafið.

Með fjármögnun frá norrænum fjármálastofnunum er nú unnið að mikilvægum markmiðum í Norðurlandasamstarfinu á Eystrasaltssvæðinu og í Norðvestur-Rússlandi. Brýnt er að finna verkefni sem fyrir tilstilli fjármagns frá ráðherranefndinni geta skapað raunverulegan virðisauka. Samstarf um ýmis verkefni eykur einnig veg Norðlægu víddarinnar og Eystrasaltsáætlunar ESB.

Skilvirkt samstarf okkar á Eystrasaltssvæðinu fer fram:

- hjá Norrænu ráðherranefndinni og skrifstofu hennar í Kaupmannahöfn
- á skrifstofum hennar í Tallinn, Ríga og Vilnías
- á skrifstofum hennar í Pétursborg og Kalínígrad
- hjá norrænu fjármálastofnunum

Góð skilyrði efla og dýpka samstarfið og gefa ráðherranefndinni aukið vægi í samstarfinu.



Áætlanir á samstarfssviðum

Í formennskuáætlunum fagsviðanna er greint frá einstökum samstarfsmarkmiðum. Fagsviðin munu einnig standa að ráðstefnum, málþingum og sérfræðingafundum. Helstu viðburðir eru nefndir í áætluninni en nánari upplýsingar verða í dagskrá sem birt verður á formennskuvef Finna.

Menning og æskulýður

Menningarsamstarfið er kjarnasvið í Norðurlandasamstarfinu. Menningin styrkir það sem norrænt er í ríkjunum og eykur áhrif þeirra á grannsvæðunum sem og um heim allan. Í formennskuáætlun Finna er stuðlað að samfelli í samstarfi þar sem form og starfshættir taka sífelldum breytingum.

Skapandi og hnattvædd Norðurlönd

Norræn menning í heiminum

Ráðherrar menningarmála hófu á árinu 2009 hnattvæðingarverkefni til þriggja ára, Norræn menning í heiminum, til að kynna norræna menningu erlendis. Verkefnið á einnig að kynna Norðurlönd sem kröftugt menningarsvæði og traustan samstarfsaðila.

Helsti áfanginn í hnattvæðingarstarfinu á árinu 2011 verður að kynna norrænar bókmenntir á bókamessunni Salon du livre í París en þar verða Norðurlönd í brennidepli. Verkefnið stuðlar að því að:

- auka þekkingu á norrænum bókmenntum
- gera samstarf og markaðssetningu norrænna útgefenda markvissari
- vekja athygli á gildi þýðingarfræða

Finnar munu sem formennskuþjóð standa að norrænni dagskrá á bókamessunni í París. Upplýsingamiðstöðin um finnskar bókmenntir (FILI) mun hafa umsjón með því verki í samstarfi við norræn samtök bókmenntafræðinga (NORDLIT).

Í tengslum við bókamessuna Salon du livre verður haldinn Norrænn menningarvettvangur þar sem fjallað verður um samstarf norrænna þýðenda og útgefenda. Vandaðar þýðingar eiga stóran þátt í að vinna bókmenntum brautargengi og auka skilning ólíkra þjóðfélagshópa á norrænum tungumálum.

Menning og sköpun í miklum blóma

Menning og skapandi greinar kallast hnattvæðingarverkefni á menningar- og atvinnulífssviði Norrænu ráðherranefndarinnar. Sameiginleg stjórnarnefnd, KreaNord, vinnur að því að efla stöðu skapandi atvinnugreina á Norðurlöndum á tímabilinu 2010–2012. Hún leggur til ýmsar aðgerðir til að auka hlut sköpunariðnaðar á Norðurlöndum, Eystrasaltssvæðinu og víðar um heim.

Finnar munu á formennskuári einnig styðja önnur verkefni á vegum KreaNord, en þeirra á meðal eru Ný norræn matvæli, Norræn kynning og Alþjóðleg markaðssetning á norrænum kvikmyndum.

Menningarsamstarf innan Norðlægu víddarinnar

Á árinu 2010 fjölluðu aðilar að menningarsamstarfi innan Norðlægu víddarinnar, ESB-þjóðirnar, Norðmenn, Íslendingar og Rússar um hagnýtar forsendur fyrir samstarfinu.

Markmið Finna á formennskuári er að:

- ýta fyrstu menningarverkefnunum úr vör innan Norðlægu víddarinnar
- kynna menningarverkefni og fjármögnun þeirra fyrir fulltrúum sköpunariðnaðar á Norðurlöndum og Eystrasaltssvæðinu
- mynda tengslanet fyrir ný verkefni

Samstarfið er mótað í samstarfi við svæðaráð á norðurslóðum og KreaNord.

Norræn menning á hreyfingu

Norrænt ár fjölleikahússins 2011

Finnar munu á formennskuári efla norrænt samstarf um fjölleikahús. Verkefnið verður rammi um Norrænt ár fjölleikahússins 2011, Cirkusens ár í Norden 2011, Nordic countries 2011 – The Year of Circus, en markmið þess er að:

- nýta þau tækifæri sem felast í norrænu fjölleikahúsi sem lifandi menningu
- flétta fjölleikahús inn í menningarsamstarf ríkjanna við Eystrasalt og Evrópusambandsins
- auka hreyfanleika fjölleikalistamanna og verka þeirra og efla rekstur norræna listamannaíbúða
- gera pólitíska áætlun og framkvæmdaáætlun fyrir norræna fjölleikalist 2012–2013

Ráðstefna sérfræðinga í norrænni fjölleikalisti verður haldin í tengslum við opnun nýrrar fjölleikamiðstöðvar í Suvilahti í Finnlandi. Þar verður fjallað um listrænt, menningarlegt, félagslegt, menntunarlegt og efnahagslegt hlutverk fjölleikahúss á Norðurlöndum.

Ferðastyrkir og listamannaíbúðir – nýjar leiðir í listrænu samstarfi

Á fundi menningarmálaráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna verður ákvörðun tekin um framhald sameiginlegrar ferðastyrkjaáætlunar frá og með árinu 2012.

Á Norrænum menningarvettvangi verður einnig rætt um að auka hreyfanleika. Þá verður rætt um að efla samstarf við listaáætlun Listamannamiðstöðvar Eystrasaltsríkjanna á Suomenlinna. Sjálfbæra þróun í menningarmálum mun einnig bera á góma.

Áhrif Norðurlanda á menningarstefnu

Í umræðu um menningu og þjóðfélagsmál verður æ mikilvægara að skýra gildi menningar í samfélaginu. Í formennskuáætlun Finna eru nefnd mörg verkefni til að efla þekkingargrunn um menningarstarf en með því að tengja menningarmál við önnur samstarfssvið má sýna fram á mikilvægi þeirra.

Kraftur menningarinnar – áhrifaríkt menningarsamstarf Norðurlanda

Á norrænum sérfræðingafundi í Turku verður unnið að undirbúningi á samanburðarrannsóknum til að efla þekkingargrundvöll í menningargeiranum. Sameiginlegir mælikvarðar verða æ mikilvægari þegar snertiflötum menningar við önnur samstarfssvið fjölgar. Í tengslum við sérfræðingafundinn geta þátttakendur setið málþing þar sem úttekt á menningarstefnu Finna verður kynnt svo og verkefnið Turku 2011 menningarhöfuðborg Evrópu.

Menning og framþróun

Sérfræðingafundur á formennskuári mun fjalla um:

- stöðu menningar í þróunarsamvinnuáætlunum ríkjanna
- mælingar á áhrifum menningar í þróunarsamstarfi
- hvernig menningarverkefni í þróunarsamstarfi stuðla að þúsaldarmarkmiðunum

Á fundinum á að móta sameiginlega norræna afstöðu og festa í sessi aðferðir til að vinna að menningarmálum í þróunarsamstarfi. Menningarmál hafa verið rædd á vettvangi ESB um þróunarsamstarf.

Bókasafn framtíðarinnar

Á norrænu málþingi sérfræðinga í bókasafnsmálum verður skipst á upplýsingum og fjallað um bókasöfn sem grunngerð upplýsingaveitu fyrir almenning. Almenningsbókasöfn standa nú frammi fyrir ýmsum viðfangsefnum í samkeppni við aðrar opnar upplýsingaveitur.

Sívaxandi eftirspurn er eftir innihaldsstjórnun og mati á upplýsingum. Rætt verður um stöðu stafrænna bókasafna og starfsemi almenningsbókasafna í ljósi rafrænnar þjónustu.

Á málþinginu verða skoðaðar starfsreglur almenningsbókasafna, uppbygging stafrænna bókasafna og vandkvæði við aðgengi að upplýsingum þegar þær hafa verið færðar í stafrænt form. Stefnt er að því að leggja grunn að stefnumótun ráðherranefndarinnar í bókasafnsmálum.

Börn og ungmenni – framtíð norræna menningarsamstarfsins

Í norrænni samstarfsáætlun um málefni barna og ungmenna frá árinu 2009 er sagt að gæta beri hagsmuna æskufólks á öllum forgangssviðum ráðherranefndarinnar. Markmið samstarfsins er að bæta lífskjör barna og ungmenna og hjálpa þeim að finna sköpun sinni farveg.

Finnar munu á formennskuári fylgja því eftir að tekið verði mið af börnum og ungmennum í verki og að metin verði áhrif ákvarðana á þessa aldurshópa. Norræna ráðherranefndin sér um framkvæmd samstarfsins og beitir mælikvörðum barnasáttmála SP til að meta hvort markmiðum sé náð.

Norræna barna- og ungmennanefndin (NORDBUK) sér um að samræma áætlunina og fylgjast með framkvæmd hennar. Finnar vilja styrkja framkvæmda- og stefnumótandi hlutverk nefndarinnar í þverfaglegu starfi.



Skipulagsbreytingar á menningarsamstarfi

Norræna ráðherranefndin tekur ákvörðun á árinu 2011 um skipulagsbreytingar á menningarsamstarfinu. Framhald þess ferlis verður ákveðið þegar niðurstöður úttektar á skipulagsbreytingum sem gerðar voru á árinu 2007 liggja fyrir. Við skipulagsbreytingarnar var leitast við að skapa samhengi milli verkefna ráðherranefndarinnar og Norræna menningarsjóðsins.

Menntun og rannsóknir

Þemu formennskuáætlunar á sviði menntunar og rannsókna eru Fjölmenningarleg og alþjóðleg Norðurlönd og Norðurlönd þekkingar. Þar er lögð áhersla á hæfni sem byggist á menntun, rannsóknum og nýsköpun og skapar skilyrði og markmið fyrir grænan hagvöxt. Á formennskuári er stefnt að því að gera norrænt samstarf sýnilegt á flestum sviðum. Helsti markhópurinn er ungt fólk og stuðst verður við stafræna tækni og sýndarferðalög til að ná til hans.

Fjölmenningarleg og alþjóðleg Norðurlönd

Fjölmennning og menntun nýbúa

Innflutningur, fjölmennning og menntun nýbúa eru ofarlega á dagskrá stjórn mála hvarvetna á Norðurlöndum. Finnar munu á formennskuári leita að og miðla góðum starfsvenjum sem efla fjölmenningu og menntun nýbúa frá leikskóla til fullorðinsfræðslu.

Viðfangsefnin verða:

- skil á milli skólastiga og frekari menntun fólks af erlendum uppruna að loknum grunnskóla
- betri undirbúningur fyrir þátttöku í samfélagi og atvinnulífi
- viðurkenning á þekkingu og viðbótarþekking á ýmsum aldurs skeiðum
- nám í tungumáli nýja búsetulandsins og móðurmáli
- samstarf við atvinnulífið á ýmsum skólastigum

Brýnt er að bæta þekkingu kennara og skólafólks á fjölmenningarlegum kennslu-háttum og leiðum til að bæta námsumhverfið. Málþing verður haldið þar sem fjallað verður sérstaklega um fjölmenningu og menntun nýbúa.

Alþjóðleg hæfni, hreyfanleiki og forsendur norræns samstarfs

Markmiðið er að hreyfanleiki efla eftirfarandi þætti hjá Norðurlandabúum, ungum sem eldri:

- tungumálakunnáttu og alþjóðlega hæfni
- norræna sjálfsmynd
- áhuga á norrænu samstarfi

Auk þeirra tækifæra sem felast í norrænu samstarfi fær æskufólk fræðslu um hreyfanleika. Norræna tungumálaátakinu verður haldið áfram til að ná þessum markmiðum.

Þegar árangur af starfi Nordplus-áætlunarinnar hefur verið metinn verður ákvörðun tekin um framhald hennar. Stefnt er að því að fjölga tengslanetum og auka hreyfanleika námsfólks, kennara og vísindamanna milli Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkjanna. Einfalda þarf áætlunina og gera hana meira aðlaðandi og aðgengilegri.

Norræna meistaranámsáætlunin (2007–2010) styður við samnorrænt háskólanám. Á formennskuári Finna verður tekin ákvörðun um framhald áætlunarinnar en niðurstöður úttektar á árangri hennar munu liggja fyrir á árinu 2011.

Markmiðið með alþjóðlegum og innlendum viðmiðunarrömmum fyrir háskólapróf er að auka gagnsæi prófa og auðvelda námsfólki að færa sig á milli landa. Norðurlönd hafa tekið í notkun viðmiðunarramma sem tengjast ESB og Bologna-samstarfinu. Þær stofnanir sem hafa umsjón með gæðatryggingu í ríkjunum hafa unnið saman að því að gæðatryggja sameiginlegar menntaáætlanir á meistarastigi. Á formennskuári er stefnt að því að bæta gæði menntasamstarfs milli ríkja og nýta norræn samstarfsnet til að kynna viðmiðunarramma í ríkjunum.

Norðurlönd þekkingar

Meiri þekking

Helstu markmið í menntastefnu eru að efla þekkingu og þekkingarþróun. Því er þörf á aukinni sérfræðiþekkingu í menntarannsóknum, í stjórn og rekstri menntastofnana og eins til að vekja athygli á æðri menntun og gera hana eftirsóknarverðari. Í norrænu rannsóknasamstarfi er þörf á samanburðargögnum um alþjóðlega þekkingu. Viðfangsefni rannsóknasamstarfsins eru m.a. PIAAC-rannsóknin þar sem þekking fullorðinna er mæld og PISA-rannsóknin sem mælir þekkingu 15 ára unglinga. Finnar munu halda sérfræðingafundi til að efla norrænar menntarannsóknir.

Norræna rannsókn- og nýsköpunarsvæðið (NORIA) verður eft í nánum tengslum við Áætlun um öndvegisrannsóknir í loftslags-, umhverfis- og orku-málum (2009-2013). Niðurstöður mats á fyrri áfanga áætlunarinnar munu liggja fyrir á formennskuári Finna. Þær verða skoðaðar og nýttar í starfsemi inni það sem af er tímabilinu og eins þegar ráðist verður í ný verkefni.

Í rannsókn- og þróunaráætlun ESB fyrir Eystrasaltið, Bonus 169, eru rannsóknáætlanir tengdar saman við það rannsóknastarf sem fram fer í Eystrasaltsríkjunum en áætlunin á að styðja við Eystrasaltsáætlun ESB. Unnið verður að undirbúningi og stefnumótun (2010–2011) áður en til framkvæmdar kemur og mun norræna ráðherranefndin fylgjast með því starfi.

Finna stefna að því að Norræni loftslagsdagurinn í skólum verði haldinn 11. nóvember 2011 en um hann er fjallað í norrænu áætluninni um sjálfbæra þróun.

Öflugra upplýsingasamfélag – rafræn vísindi, rafræn þjónusta og grunngerð rannsókna

Upplýsingasamfélagið byggir á nýrri tækni, nýjum starfsháttum og þekkingu. Upplýsingatæknin er visthæf í eðli sínu og getur því stuðlað að aukinni framleiðni og skapað forskot í samkeppni.

Rafræn vísindi skapa tækni sem nýtist í rannsóknum og grunngerð rafrænna vísinda. Með menntun er hægt að tryggja þá þekkingu sem þörf er á í upplýsingasamfélaginu.

eScience-verkefnið styðst m.a. við áætlun og aðgerðalista, auk kjarnahæfni-verkefna og uppbyggingar ljósleiðaranetsins Baltic Ring til að auka frjálsa flutninga á gögnum. Finnar munu á formennskuári beita sér fyrir markvissri framkvæmd verkefnisins um rafræn vísindi.



Finnar munu á formennskuári efna til ráðstefnu um rafræn vísindi þar sem fjallað verður um miðlun nýrrar þekkingar, grunngerð vísinda og stafræn bókasöfn. Samtímis verður haldið málþing um vithæfar lausnir upplýsingatækninnar.

Á formennskuári Finna verður lögð áhersla á að hrinda rannsóknamenntunarátætlun í rafrænum vísindum í framkvæmd. Haldið verður árlegt málþing fyrir norræna rannsóknarskóla, ungt vísindafólk og aðra áhugasama.

Umhverfismál

Norræn framkvæmdaáætlun í umhverfismálum kveður á um aðgerðir á tímabilinu 2009–2012. Helstu málaflokkar eru:

- loftslagsmál og loftgæði
- hafið og strandsvæði
- líffræðileg fjölbreytni og þjónusta vistkerfa
- sjálfbær neysla og framleiðsla

Einnig verður tekið tillit til markmiða í samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um heimskautasvæðin og áætlun um sjálfbæra þróun. Finnar munu á formennskuári fylgja núgildandi áætlun eftir áður en undirbúningur hefst að nýrri framkvæmdaáætlun í umhverfismálum.

Stefna í umhverfismálum mun í besta falli hvetja til nýsköpunar. Þörf er á s.k. vegvísarhugsun en hún felst í því að umhverfisviðmið sem sóst er eftir ákvarðist af fyrirmyndardæmum. Grunnreglan um stöðugar endurbætur skiptir þar sköpum.

Norrænt samstarf á að auka áhrif ríkjanna á alþjóðavettvangi og í ESB og efla starf umhverfisyrivalda í ríkjunum. Verkefnin eru skipulögð í samræmi við grunnreglur samstarfsins og kveða á um að þekkingu sé safnað hjá yfirvöldum og annars staðar.

Finnar munu á formennskuári leitast við að efla norrænar fjármálastofnanir, einkum starfsemi Norræna umhverfissjóðsins (NEFCO) og samstarf hans við mikilvægar stofnanir, Barentsráðið, Norðurskautsráðið og Norræna þróunar-sjóðinn (NDF).

Loftslagsstefna – skipulagsmál og barátta gegn hlýnun jarðar

Loftslagsbreytingarnar eru eitt brýnasta viðfangsefni okkar. Norrænu ríkin verða áfram að miðla sérfræðiþekkingu sinni og beita sér fyrir skýrari markmiðum í alþjóðlegum samningum um loftslagsmál. Á formennskuári Finna ber að skerpa loftslagsaðgerðir í norrænu ríkjunum.

Í áætlanagerð ríkis og sveitarfélaga ber að huga sérstaklega að því hvernig sporna megi gegn hlýnun jarðar. Í skipulagsmálum má vinna að því að draga úr koltvísýringslosun vegna umferðar og áhrifum loftmengunar á heilsu manna. Á formennskuári Finna munu norrænu ríkin miðla með sér góðum starfsvenjum í skipulagsmálum og skapa tæki til að aðlaga sig loftslagsbreytingum.

Umhverfis-, efnahags- og neytendamál

Skoða ber efnahagsmál og umhverfismál sem eina heild því neyslumynstur og framleiðsluhættir hafa veruleg áhrif á umhverfið. Alþjóðleg fjármálakreppa hleypti krafti í umræður og skipulagsbreytingar í átt að grænu hagkerfi. Aðgengi að náttúruauðlindum er í brennidepli og hefur gríðarleg áhrif á efnahagslífið.

Umhverfisíðnaður fer ört vaxandi um allan heim og einnig þar gegnir norrænt samstarf mikilvægu hlutverki. Framfarir í umhverfismálum á alþjóðavettvangi eru undir því komnar að norrænir markaðir og í ríkjunum séu mótaðir í samstarfi við fjármálageirann. Ríkin verða að leita leiða til þess að atvinnulífið taki tillit til umhverfissjónarmiða þegar ákvarðanir eru teknar hjá fyrirtækjum og eins hvernig standa megi vörð um líf skjör fólks þótt dregið verði úr koltvísýringslosun. Áhersla verður lögð á að skapa stjórnunartæki, t.d. umhverfisskatta og kanna hvaða styrkir mega missa sín.

Umhverfistæknin ein og sér nægir ekki til að leysa vandann. Brýnt er að breyta eðli og umfangi neyslunnar ef nýjar tæknilausnir eiga að skila árangri.

Í umræðu um nýtingu auðlinda þarf að gæta betur að því hvernig minnka megi úrgang og nýta hráefni betur. Þörf er á meiri þekkingu á áhrifum hráefnisnotkunar og skaðlítóllar vöru á umhverfið og hvernig auka megi hráefnis- og orkunýtni. Spár um samfélagsþróun eru nauðsynlegar þegar ráðist er í langtímafjárfestingar eins og í byggingariðnaði. Vistferilsnálgun er mikilvægt og áhrifaríkt stjórnunartæki.

Visthæfir framleiðsluhættir geta dregið úr mengun allt frá upphafi vistferilsins og veitt norrænum fyrirtækjum samkeppnisforskot. Norðurlönd hafa löngum starfað saman um visthæf opinber innkaup og verður samstarfi um norræna umhverfismerkið, Svaninn, haldið áfram.

Eystrasalt og hafsvæðin

Með verndun Eystrasalts er stefnt að góðu vistfræðilegu ástandi hafsins fyrir 2020. Framkvæmd Eystrasaltsáætlunar ESB og HELCOM-áætlunarinnar um Eystrasaltið kallar á nýskapandi starfshætti og aðgerðir í ríkjunum. Þá þarf að skapa heildarsýn á umgengni manna við hafið og strandsvæði.

Harðnandi samkeppni um hráefni til orku- og matvælaframleiðslu um allan heim minnr okkur á mikilvægi vatnsnýtingar á strand- og hafsvæðum. Staðsetning fyrirtækja hefur áhrif á andrúmsloftið og umhverfið. Einnig er mikilvægt að líta á vatnasviðin en ástand sjávarumhverfis verður aðeins bætt ef einhugur næst um aðgerðir í iðnaði, landbúnaði, siglingum, sjávarútvegi og fiskeldi.

Umhverfismál og heilsa

Sameiginlegt viðfangsefni okkar er að takmarka notkun efna sem eru skaðleg heilsu manna og umhverfinu. Í stefnu og samningum norrænu ríkjanna ber að leita samlegðaráhrifa á sviði efna, vöru og úrgangs og vinna vistferilsnálgun brautargengi.

2011 er alþjóðlegt ár efnafræðinnar. Á formennskuári Finna er ráðgert samstarf við félags- og heilbrigðissvið um að vekja athygli á norrænum aðgerðum og þekkingu í alþjóðlegu samstarfi og áhættuþáttum sem ógna lýðheilsu.

Draga þarf úr samanlögðum áhrifum eiturefna og kanna áhættuþætti og tækifæri sem nanótæknin felur í sér. Mikilvæg þemu eru efnamengun í vörum og áhættumat vegna eiturefna. Unnið skal áfram að banni við notkun kvikasilfurs og láta það jafnvel ná til fleiri efna.

Þjónusta vistkerfa og líffræðileg fjölbreytni

Taka þarf tillit til þjónustu vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni við ákvarðanatökur í samfélaginu og stefnumótun um nýtingu náttúruauðlinda. Norrænu ríkin þurfa að grípa til sameiginlegra aðgerða varðandi kynningu á þjónustu vistkerfa, fjárhagslegt mat og ný stjórnunartæki.



Á formennskuári Finna verður áfram unnið að því að efla alþjóðleg ferli með áherslu á samlegðaráhrif milli SP og alþjóðlegra samninga og gera framkvæmd þeirra markvissari. Stofnun milliríkjanefndar sem fjallar um líffræðilega fjölbreytni og þjónustu vistkerfa Intergovernmental Science Policy Platform on Biodiversity and Ecosystem Services (IPBES) er mikilvæg fyrir Norðurlönd.

Taka ber tillit til verndarsvæða í allri áætlanagerð. Verndun ósnertrar náttúru, óbyggða og menningarminja í landslaginu skipta miklu máli fyrir vellíðan fólks. Græn grunngerð ræður einnig um hvort tekst að sporna gegn loftslagsbreytingum.

Finnar munu á formennskuári leggja áherslu á:

- skipulagsbreytingar í umhverfis- og efnahagsmálum
- þjónustu vistkerfa í áætlanagerð ríkis og sveitarfélaga
- áhrif efna og nanóefna á heilsu manna og umhverfis
- góðar starfsvenjur í áætlanagerð ríkis og sveitarfélaga

Atvinnulíf, orkumál og byggðastefna

Stefna í atvinnumálum

Norrænt samstarf byggir á því að sameiginlegir skipulagsþættir í samfélagi og atvinnulífi bæta hver annan upp. Því er hægt að sameinast um aðgerðir, skapa samlegðaráhrif milli verkefna í ríkjunum og skiptast á þekkingu. Finnar munu á formennskuári mynda fleiri tengslanet milli ríkjanna, einkum milli yfirvalda, atvinnulífs og fyrirtækja.

Samstarfsáætlun á sviði atvinnulífs og nýsköpunar 2011–2013

Norræn samstarfsáætlun um atvinnulíf og nýsköpun á að efla forystuhlutverk norræns atvinnulífs í nýsköpun sem skapar virðisauka. Helstu málaflokkar eru grænn hagvöxtur, velferð og víðtækt nýsköpunarstarf og verða þeir ræddir á nýsköpunarráðstefnu í Finnlandi. Þá styðja Finnar samstarf sem þegar er hafið um alþjóðavæðingu sköpunariðnaðar, rafrænnar þjónustu og skyldra sviða.

Mat á starfi Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar (NICE) fór fram á árinu 2010. Finnar munu á formennskuári halda starfsemi hennar áfram og styðjast þar við niðurstöður úttektarinnar.

Grænn hagvöxtur, nýsköpunarstefna og öflugur atvinnurekstur

Pegar hefur verið ráðist í norræn verkefni um grænan hagvöxt. Nýjar kannanir verða gerðar og niðurstöður þeirra kynntar í málstofum og á málþingum. Norðurlandþjóðir búa yfir þekkingu á framleiðslu og þjónustu við aðstæður þar sem dregið hefur verið úr losun koltvísýrings. Græna tækni má efla með því að skapa þekkingarfrekum fyrirtækjum, háskólum og fjármögnunaraðilum sameiginlegan vettvang og tækifæri til samstarfs.

Í nýsköpunarstefnu er áhersla lögð á velferðar- og heilbrigðisgeira og borgaralega þjónustu. Skipst verður á reynslu og góðum starfsvenjum og jafnvel unnið að sameiginlegum úttektum.

Alþjóðlegur samanburður hefur leitt í ljós að atvinnurekstur á Norðurlöndum er kominn skemmra á veg en í öðrum iðnríkjum. Fjöldi fyrirtækja er lítil miðað við þekkingarstig íbúanna. Á formennskuári Finna verður leitað nýsköpunaraðgerða til að skapa nýjar öflugar atvinnugreinar, mörg störf og efla atvinnurekstur. Vænta má frekari vaxtar á sviði grænnar tækni. Menntunarstig í ríkjunum er hátt og því er hægt að leggja áherslu á þekkingarfrekan atvinnurekstur og sprotafyrirtæki.

Hrávörustefna

Norrænu ríkin og sjálfstjórnarsvæðin búa yfir töluverðum forða af málmum og hrávöru og vega því þungt við stefnumótun ESB um hrávöru. Finnar munu halda fund um áhrif hnattvæðingar á ástand hrávöru í norrænu ríkjunum.

Orkumál

Í norrænni samstarfsáætlun um orkumál 2010–2013 er greint frá helstu áhersluatriðum á formennskuári Finna. Í norrænu orkusamstarfi er brýnt að skoða hvernig hægt er að þróa heildsölu og smásölu á orku. Stækka þarf flutningskerfin til að tryggja afhendingaröryggi. Finnar munu vekja athygli á eftirfarandi málefnum í norrænu orkusamstarfi:

- Tryggja þarf að aðgerðaáætlun um samstarf á raforkumarkaði sem samþykkt var á árinu 2008 verði hrint í framkvæmd. Helsta markmiðið er að sameiginlegur notendamarkaður Norðurlanda verði að veruleika fyrir 2015. Samræmingar er þörf á reglugerðum, starfsháttum, tölvusamskiptum og upplýsingakerfi ríkjanna.
- Hlutdeild endurnýjanlegrar orku í orkukerfum verði aukin. Aukin hlutdeild endurnýjanlegrar orku eykur fjárfestingar í raforkukerfum og ný viðfangsefni felast í örum skiptum í rafframleiðslu sem gera nýjar kröfur til rafkerfa.
- Norrænt samstarf við Norðvestur-Rússland verður dýpkað, einkum á sviði orkunýtni og endurnýjanlegrar orku.

Byggðastefna

Í norrænni samstarfsáætlun um byggðastefnu 2009-2012 er greint frá helstu áhersluatriðum á formennskunnar, m.a. á starf rannsókn- og þróunarstofnunarinnar Nordregio og norrænna samstarfsstofnana á landamærasvæðum.

Finnar munu á formennskuári leggja áherslu á að kynna samstarf landamærasvæða og virðisauka sem í því felst. Þá verður vakin athygli á hlutverki stofnana á landamærasvæðum við afnám stjórnsýsluhindrana. Starfshópur um samstarf landamærasvæða undir forystu Finna mun fjalla um landamærasamstarf í Evrópu og hleypa krafti í samstarf við samband landamærasvæða í Evrópu (Association of European Border Regions, AEBR).

Þar munu Finnar vekja máls á loftslagsbreytingum, líforku og áhrifum lýðþróunar í dreifbýli sem og á norðurslóðum. Stefnt er að því að vinna úttektir og halda málþing sérfræðinga í tengslum við þær. Á undanförunum árum hafa verið farnar ýmsar nýjar leiðir og því er tímabært að gera úttekt á svæðisbundinni nýsköpunarstefnu.

Endurskoðun á samheldnisstefnumiðum ESB 2011 mun hafa töluverð áhrif á byggðastefnu í öllum aðildarríkjunum. Þá verður fjallað um hlutverk Eystrasaltsáætlunarinnar í byggða- og skipulagsstefnu ESB. Finnar vilja dýpka norrænar samræður um valkosti og greiða fyrir skoðanaskiptum ríkjanna. Áformað er að mynda tengslanet lykilpersóna frá ríkjunum og velja hentuga starfshætti fyrir það. Kannað verður hvort ástæða sé til að hleypa krafti í samstarf við Eystrasaltsríkin.

Efnahags- og fjármál

Hagkerfi heimsins eru á batavegi en þó ríkir óvissa um hvort sá hagvöxturinn sé varanlegur. Efnahagsbati í mörgum ríkjum er til kominn vegna tímabundinna og verulegra hvatningar- og björgunaraðgerða stjórnvalda en draga mun úr þeim á formennskuári Finna 2011.

Á komandi árum er því brýnt að stuðla að sjálfbærum hagvexti og endurheimta samkeppnishæfni og jafnvægi í opinberum rekstri. Norræna velferðarkerfið getur aðeins haldið velli ef gerðar eru skipulagsbreytingar í efnahags- og atvinnumálum sem eru forsendur hagvaxtar. Um þetta verður fjallað í ritinu Nordic Economic Policy Review á árinu 2011.



Norrænn hópur sem fjallar um efnahagsástandið vinnur nú að yfirliti yfir stöðuna í ríkjunum. Norræna ráðherranefndin ræðir að jafnaði um stöðu efnahagsmála í hinum ýmsu ríkjum og svæðum. Sérstaklega ber að fylgjast með efnahagsþróun á Íslandi og framvindu fjármagnsaðstoðarinnar á árinu 2011.

Þörf á hættustjórnun

Ástandið á fjármálamörkuðum og í bankageira hefur skánað en þó er óvíst hvort um varanlegan bata sé að ræða. Mikil þörf er á að öflugri hættustjórnun í ESB-ríkjunum. Ríkin þurfa að taka höndum saman um að finna upp tæki og samræma þau til að vera betur í stakk búin til að grípa inn í starfsemi banka sem lenda í kröggum.

Mörg fjármálafyrirtæki á Norðurlöndum starfa í fleiri en einu landi. Finnar munu á formennskuári leitast við að auka samvinnu stjórnvalda um reglugerðir og eftirlit, einkum varðandi hættustjórnun.

Í ESB og víðar um heim er rætt hvernig fjármálageirinn geti lagt meira af mörkum til að greiða fyrir þann kostnað sem hlotist hefur af völdum fjármálakreppunnar, til dæmis í formi stöðugleikagjalds. Mál þetta verður að öllum líkindum rætt á fundum norrænu fjármálaráðherranna á árinu 2011.

Undir formennsku Finna er ráðgert að halda áfram norrænu verkefni um samninga við s.k. skattaskjól um upplýsingaskipti. Gerð var úttekt á verkefninu á árinu 2010 og munu niðurstöður hennar ráða hvert framhaldið verður.

Á fjármálasviði verður áfram unnið að afnámi stjórnsýsluhindrana þegar þess gerist þörf. Skattamál, einkum upplýsingaskipti, verða enn sem fyrr á dagskrá Norrænu ráðherranefndarinnar.

Landbúnaður, skógrækt, sjávarútvegur og matvæli

Landbúnaður

Helstu viðfangsefni formennskuríkisins í landbúnaði verða að sporna gegn hlýnun jarðar og aðlögun að henni. Megináhersla er lögð á orkunýtni en þar hafa norrænu ríkin lagt ýmislegt af mörkum. Á norrænu málþingi verður fjallað um upplýsingaskipti og framhald samstarfsins. Í aðlögunaraðgerðum verður áhersla lögð á samstarf um erfðaauðlindir, einkum aðgerðir til að bregðast við loftslagsbreytingum. Auka þarf þekkingu á styrkleika norrænnar hrávöru.

Landbúnaðarrannsóknir – NJK fær aukið vægi

NKJ (Norræna samstarfsráðið um landbúnaðarrannsóknir) er tengslanet fjármögnunaraðila landbúnaðarrannsókna sem styðja norrænar rannsóknir og rannsóknatengslanet. NKJ er einnig ráðgjafaraðili Norrænu ráðherranefndarinnar í landbúnaðarmálum.

Í samstarfsáætlun NKJ sem gengur í gildi 2011 er stefnt að því að efla stöðu samstarfsráðsins á sviði rannsókna í Evrópu. Sérstaða norræns landbúnaðar og matvælaframleiðslu kallar á samstarf um rannsóknir. Norræna ráðherranefndin bindur vonir við að sérfræðiþekking NKJ nýtist í pólitískum umræðum og málefnum sem eru ofarlega á baugi.

Verndun erfðaauðlinda

Norrænu ríkin hafa átt árangursríkt samstarf um verndun erfðaauðlinda, m.a. um stofnun Norrænu erfðaauðlindamiðstöðvarinnar (NordGen) á árinu 2008. Framundan er að stækka söfn NordGen, tryggja hæft starfsfólk og bæta grunngerð miðstöðvarinnar. Það kallar á verulega aukinn aðbúnað og mannafla og því þarf að finna fleiri fjármögnunaraðila. Afar brýnt er að tryggja starfsemina þegar landbúnaður á Norðurlöndum þarf að aðlaga sig örum loftslagsbreytingum.

Ný norræn matvæli

Áætlunin Ný norræn matvæli heldur áfram á tímabilinu 2010–2014, þar á meðal verkefnið Auðkenni nýrra norrænna matvæla (New Nordic Food and Branding) um loftslagsvænt og ábyrgt mataræði og holl norræn matvæli.

Hugmyndafræði Nýrra norrænna matvæla byggir á hreinum, ferskum og árstíðabundnum hráefnum og svæðisbundinni matarhefð. Norræn matar-

gerðarlist byggir á gjöfum náttúrunnar, norrænni þekkingu, siðferðislegum starfsvenjum og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Norræn matargerðarlist verðskuldar alþjóðlega athygli. Ná mætti meiri virðisauka á mörkuðum með því að leggja áherslu á menningargildi matvæla og framleiðsluferlisins.

Skógrækt

Markmið Finna er að halda áfram norrænni þekkingarmiðlun í samræmi við Selfoss-yfirlýsinguna um sjálfbæra skógrækt frá 2008. Stefnt er að því að varðveita og efla samkeppnishæfni skógræktar við breytilegar aðstæður. Nýting skógarauðlinda hefur aukist og því er eðlilegt að leggja áherslu á sjálfbæra nýtingu skóga og timburs í vörum, þjónustu og orku. Reynt verður að efla skógræktarsamstarf á vegum Eystrasaltsáætlunar ESB og svæðis-skrifstofu Evrópsku skógastofnunarinnar (EFINORD) í Norður-Evrópu.

Meginmarkmið Samnorrænna skógarannsóknna, SNS, er að styðja rannsóknaverkefni og tengslamyndun á sviðum sem Norræna ráðherranefndin hefur sett í forgang auk þess að vera ráðgefandi fyrir ráðherranefndina um skógrækt og rannsóknir. Rannsóknagögnum er dreift markvisst gegnum norrænt ítarrannsóknnet (CAR – Centre of Advanced Research), en þar fara fram viðamiklar alþjóðlegar rannsóknir þar sem gögn úr fyrri rannsóknum eru nýtt. Á árinu 2011 er stefnt að því að stofna fjögur ný net. Markmið norrænu erfðaauðlindamiðstöðvarinnar er að varðveita fræ og plöntur úr skógrækt og við endurnýjun skóga. Á formennskuári verður m.a. ráðstefna í Danmörku og þemadagar í Noregi og á Íslandi.

Fiskveiðar og sjávarútvegur

Sjálfbært fiskeldi er þema á formennskuári Finna. Brýnustu verkefni eru að stýra staðsetningu fiskeldis, uppruna og notkun fòðursins og fiskeldisaðferðum. Fiskeldi er grunnframleiðsla í örum vexti um allan heim og felur í sér mörg sóknarfæri fyrir Norðurlönd. Annað brýnt viðfangsefni er sjálfbærni fiskistofna í Eystrasalti. Bráðasti vandinn er hröð fækkun sem varð sumarið 2010 í villtum laxastofnum og laxastofninum í heild sinni.

Finnar munu á formennskuári:

- styðja sjávarútvegsverkefni í Eystrasaltsáætlun ESB og leggja áherslu á svæðasamstarf í sjávarútvegi
- hrinda í framkvæmd norrænni rammaáætlun um samstarf um fiskveiðar 2009–2012
- tryggja sjálfbærni fiskistofna í Eystrasalti



Matvæli

Finnar taka virkan þátt í starfshópi um matvælastjórnun og neytendafræðslu (NMF), en hann stendur m.a. að árlegri eftirlitsráðstefnu, málþingi lögfræðinga og samnorrænu eftirlitsátaki. Lagt hefur verið til að þema eftirlitsráðstefnunnar verði markvisst eftirlit og mælingar á öllu matvælaferlinu. Norræna eftirlitsverkefnið lætur nú gera úttekt á upplýsingum um ofnæmisvalda á matvælaumbúðum.

Finnar áttu frumkvæði að stofnun tengslanetsins Nanómatur um nanóöryggi í matvælum. Markmið þess er að bæta öryggi nanóafurða og efla samstarf um rannsóknir og greiningar.

Áfram verður unnið að samantekt um norræna næringarráðgjöf á árinu 2011. Þörf er á nýjum og uppfærðum gagnagrunnum um matvæli til að halda næringarráðgjöf fyrir almenning áfram. Á formennskuári Finna verðar kannaðir möguleikar á að auka norrænt samstarf um matvælagreiningar. Í ríkjunum er gögnum safnað um mataræði og næringu ólíkra aldurshópa. Í Nordira-verkefni starfshóps um næringu, matvæli og eiturefnafræði er skipst á reynslu af gagnasöfnun, gögnin nýtt og unnið að því að gera skýrslur samþærilegar.

Úttektir á sjúkdómum sem tengjast matvælum

Finnar munu standa að röð málþinga um örverur í matvælum (Microbial food safety) þar sem rætt verður um raunkostnað og áhrif sjúkdóma af völdum matvæla, einkum hvar þekkingar er þörf til að geta metið þessa þætti. Mikill fjöldi eininga hefur verið þróaður í því skyni og á málþingunum verður rætt hvernig má nýta þær til að mæla raunverulegt álag vegna sjúkdómanna.

Á formennskuári Finna verður haldið áfram verkefni um gerð líkana sem sýna að bandormur þrífst ekki í refum í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi. Sérreglur um sullaveiki í tilskipun ESB um gæludýr falla úr gildi í árslok 2011 en fyrir þann tíma þarf að setja reglur í tilskipunina um hvernig sporna megi gegn sullaveiki líkt og þær sem gilda um hundaæði. Finnar munu halda málstofu í ársbyrjun 2011 þar sem niðurstöður verkefnisins og áframhaldandi aðgerðir verða ræddar.

Norræna aðferðanefndin fyrir matvælagreiningar (NMKL) fær norræna styrki til að tryggja að niðurstöður frá rannsóknastofum séu réttar og rekjanlegar. Á árinu 2011 er ráðgert að halda málþing með öðrum alþjóðastofnunum um hraðvirkar greiningar á matvælum.

Félags- og heilbrigðismál

Þemu formennskunnar á félags- og heilbrigðissviði eru norrænt samstarf um velferðar- og heilbrigðismál, stjórnsýsluhindranir, hnattvæðingu og sjálfbæra þróun. Mikilvægt er að samfella sé í innihaldi samstarfsins. Finnar munu á formennskuári vinna að framkvæmd norrænu samstarfsáætlunarinnar á félags- og heilbrigðissviði frá 2009, ljúka þeim verkefnum sem þegar eru hafin og styðja við skipulagsbreytingar á norrænum stofnunum á þessum sviðum.

Félags- og heilbrigðiskerfi í norrænu ríkjunum eru um margt lík og sama á við um viðfangsefni þeirra til framtíðar. Norrænni reynslu og þekkingu er miðlað á markvissan hátt í tengslanetum. Finnar vilja efla þekkingarmiðlun í geiranum, nútímavæða starfsaðferðir og flétta starfið inn í alþjóðasamstarf.

Heilsa og velferð

Norræn gildi í félags- og heilbrigðisþjónustu eru m.a. jafnrétti, almenn og alhliða þjónusta, veruleg opinber framlög og áherslur á fyrirbyggjandi starf. Ríkin velja þó oft ólíkar leiðir í félags- og heilbrigðisþjónustu. Finnar munu halda umræðu áfram um þær skipulagsbreytingar sem þegar eru hafnar og framtíð velferðarþjónustunnar.

Lengri starfsaldur er mikilvægt markmið fyrir þjóðarbúið og vinnuvernd. Með breytingum á vinnumarkaði verður hægt að lengja starfsaldur og skapa jafnvægi á milli vinnumarkaðar og fjölskyldulífs.

Finnar munu vekja máls á breytingum, einkum á velferð og þjónustu við barnafjölskyldur og aldraða. Norrænu samstarfi um geðheilsu verður haldið áfram en það byggir á tilmælum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO)/EURO.

Á formennskuári Finna verður:

- miðlað þekkingu um bestu lausnir í velferðarkerfinu og áhrif almanna-trygginga á stöðugleika í þjóðfélaginu
- haldinn starfsfundur í tengslaneti um öldrunarmál
- greint frá samstarfi um fjölskyldumiðstöðvar
- stofnað tengslanet í stjórnsýslu gegn ofbeldi í nánnum samböndum og á heimilum
- undirbúið átak í samstarfi við umboðsmenn barna til að koma í veg fyrir líkamlegar refsingar á börnum

- haldin norræn ráðstefna um sjúklingaöryggi
- haldið málþing um virka þátttöku sjúklinga í samstarfi við Norrænu velferðarmiðstöðina (NV) og Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR).

Stofnanir í félags- og heilbrigðisþjónustu ríkjanna gegna mikilvægu hlutverki við framkvæmd þessara markmiða.

Afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum

Innflutningur og aukinn hreyfanleiki fólks breytir samfélaginu og krefst stöðugrar endurnýjunar í félagsþjónustu. Hreyfanleiki starfsfólk í félags- og heilbrigðisgeira eykst einnig og því þarf að standa vörð um sjúklingaöryggi.

Markmið nýrrar reglugerðar ESB um félagsvernd er að auka réttindi fólks sem flyst á milli ESB-ríkja og á Norðurlöndum og bæta upplýsingastreymi milli landa. Á formennskuári Finna verður leitað leiða og starfshátta til að afnema stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum, draga úr áhrifum þeirra og koma í veg fyrir að nýjar myndist.

Hnattvæðingin og norræna velferðarkerfið

Norræn velferð og samkeppnishæfni byggir á virkni borgaranna, þekkingu, jafnrétti, jöfnum tækifærum og breyttum atvinnuskilyrðum þegar til lengri tíma er litið. Þjóðirnar geta lært hver af annarri og leitað sjálfbærra lausna með samstarfi, þekkingarmiðlun og samanburðarrannsóknunum. Þau þemu sem hæst ber á góma eru m.a. alþjóðleg stefna í tóbaksmálum, spilafíkn, alþjóðleg og evrópsk stefna í áfengismálum, aðgerðir gegn ofbeldi og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Með sameiginlegu átaki á alþjóðavettvangi geta ríkin unnið norrænum gildum brautargengi og haft áhrif á þróun heimsmála. Norrænu félags- og heilbrigðisráðherrarnir munu mynda sér sameiginlega afstöðu, m.a. varðandi stefnu í áfengismálum, geðheilbrigði og æxlunarhæfni.

Norræna ráðherranefndin hefur ýtt mörgum hnattvæðingarverkefnum úr vör á sviði heilbrigðis- og velferðarmála. Markmiðið er að endurnýja norræna velferðarlíkanið og auka sjálfbærni og samkeppnishæfni. Norrænar stofnanir á félags- og heilbrigðissviði hafa umsjón með verkefnum Aðlögun jaðarhópa og Heilsuefling og forvarnir.



Finnar munu á formennskuári starfa með Barentsráðinu og taka þátt í félags- og heilbrigðissamstarfi Norðlægu víddar ESB, m.a um forvarnir gegn alnæmi og berklum.

Rannsóknasamstarf

Finnar leggja áherslu á aukið þverfaglegt samstarf milli félags-, heilbrigðis- og rannsóknasviða og stefna að samkomulagi um langtímasamstarf um rannsóknir.

Þeir munu vekja umræður, m.a. um rannsóknasamstarf í klínískri læknisfræði, nýtingu gagna um áhrif skipulags í félagsþjónustu og stofnun norrænnar þekkingarmiðstöðvar um geðheilsu.

Á formennskuári Finna verður:

- gerð úttekt á mælikvörðum í heilbrigðis- og hjúkrunarþjónustu
- unnið áfram að gerð gæðavísa um munnheilsu.
- haldið sérfræðingamálþing um Vottun í félags- og heilbrigðisþjónustu.

Annað samstarf

Samstarf um fíkniefnamál

Norræni fíkniefnavettvangurinn hefur umsjón með samstarfi yfirvalda um stefnu í fíkniefnamálum. Tengslanet sérfræðinga með fulltrúum frá öllum ríkjunum ákveður hvaða málefni eru tekin fyrir á norrænum vettvangi. Finnar munu á formennskuári halda áfram að fjalla um ályktun fíkniefnanefndar SP með áherslu á hlutverk menningar í forvörnum gegn fíkniefnaneyslu og jaðarsetningu.

Á árinu 2011 mun Norræni fíkniefnavettvangurinn beina kröftum sínum að greinargerðum um málefni í ríkjunum, ESB, SP og Pompidou-hóp Evrópuráðsins og ræða góðar starfsvenjur. Á formennskuári Finna verður haldið málþing um Menningu sem tæki í baráttunni gegn eiturfjafíkn.

Norrænt samstarf um heilbrigðisviðbúnað

Norrænn samningur um heilbrigðisviðbúnað skuldbindur ríkin til samstarfs í félags- og heilbrigðisþjónustu þegar stórslys eða hamfarir steðja að.

Samstarfið hefur leitt til myndunar samstarfsnets og viðbúnaðar þegar hættu-ástand skapast vegna geislunar, lífrænna þátta eða eiturefna. Samningurinn tengir heilbrigðisviðbúnað við samstarf sem fram fer á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Samstarfshópurinn er skipaður fulltrúum frá öllum ríkjunum (s.k. Svalbarðshópur) og gerir hann árlega grein fyrir framvindu samstarfsins og verkefnum sem þar eru unnin. Formennskuríki í Norrænu ráðherranefndinni sér um að fylgja skýrslunum eftir.

Jafnrétti

Jöfn þátttaka kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins er undirstaða framfara í norrænu velferðarríkjunum. Jafnréttisstarf í ríkjunum hefur verið á norrænni dagskrá um áratugaraðir, þar sem það hefur verið skoðað í samhengi, árangurinn metinn og unnið að framtíðarsýn. Halda ber áfram virku og árangursríku samstarfi fræндþjóðanna enda er samfélagsumgjörð þeirra um margt svipuð. Meginþemu í fimm ára samstarfsáætlun í jafnréttismálum sem lauk 2010 voru völd og ungmenni séð með kynjagleraugum. Á síðari árum hafa áherslur samstarfsins beinst að kynjuðum þáttum, m.a. efnahagskreppunnar, minnihlutahópum af erlendum uppruna og fjölskyldu- og foreldraorlofi.

Jafnrétti kynjanna er mikilvægur þáttur í sjálfbærri þróun. Brýnt er að samþætta kynjasjónarmið í hnattvæðingarstarfi og stuðnings er þörf til að flétta jafnréttissjónarmið í starfið.

Á formennskuári Finna:

- verður nýrri norrænni samstarfsáætlun í jafnréttismálum 2011–2014 ýtt úr vör
- verður staðið að ráðstefnum og viðburðum við undirbúning á nýrri samstarfsáætlun
- lýkur samstarfs- og rannsóknarverkefnum sem þegar eru hafin og jafnvel gerðar áætlanir um að fylgja þeim eftir
- verða hannaðar lausnir sem taka mið af kynjasjónarmiðum til að sporna gegn og aðlaga sig loftslagsbreytingum
- haldið áfram að auka samþættingu kynjasjónarmiða hjá Norrænu ráðherranefndinni



Vinumál

Mikil atvinnuþátttaka er undirstaða stöðugleika í efnahagslífi, framboðs á vinnuafli og velferðar almennings. Hagkerfi heimsins, hækkandi meðalaldur, loftslagsbreytingar og fjármálakreppan auka kröfur um nýja framleiðslu-hætti, breytt atvinnuskilyrði og aukna þekkingu fólks.

Brýnt er að greiða fyrir grænum atvinnugreinum, m.a. í hnattvæðingarstarfi, til að skapa störf og auka samkeppnishæfni. Þá þarf að huga að aðlögunar-hæfni einstaklinga og atvinnurekenda þegar breytingar verða á vinnumarkaði. Með því að bera saman góðar starfsvenjur geta norrænu ríkin skapað atvinnu, aukið framleiðni og bætt aðstæður á vinnumarkaði. Lausnir norræna vinnumarkaðslíkansins nýtast til at mæta þörfum atvinnurekenda og starfsfólks.

Atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum hefur aukist verulega í efnahagskreppunni. Samfélög okkar mega ekki við að missa heila árganga, allra síst á tímum þegar aldurshópar verða fámennari, hlutfall lífeyrisþega eykst og hæft starfsfólk er vandfundið.

Eitt stærsta viðfangsefni næstu ára verður að skapa jafnvægi á milli eftirspurnar og framboðs á hæfu starfsfólki. Helstu leiðir eru:

- atvinnusköpun fyrir ungt fólk
- menntun af fremstu gerð og símenntun
- að sjá fyrir hæfniskröfur á vinnumarkaði í tæka tíð
- hreyfanleiki vinnuafls

Öflugri atvinnusköpun og hollusta á vinnustöðum

Í rannsóknarverkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar er verið að kortleggja og kanna atvinnuástand meðal ungs fólks og aðgerðir til að bæta það. Niðurstöðurnar munu liggja fyrir á formennskuári Finna og verða þær ræddar á málþingi sérfræðinga. Ríkin þurfa einnig að auka norrænt samstarf stjórnsýslunnar um málefni ungs fólks.

Hagkerfi sem byggist á minni losun koltvísýrings mun breyta vinnumarkaði og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Til að sjá fyrir þörf á vinnukrafti og þekkingu þarf að kortleggja og skoða áhrif loftslagsbreytinga á atvinnuástandið. Í hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar um atvinnulíf er lögð áhersla á þekkingarþörf á nýjum sprotasviðum. Önnur þemu á dagskrá eru hreyfanleiki vinnuafls og fjölgun á erlendu vinnuafli.

Samstarf um vinnuvernd byggir á áætlun fyrir tímabilið 2009–2012. Helstu markmið þess eru að efla heilsu, hollustuhætti á vinnustöðum og framleiðni. Finnar leggja áherslu á að sporna markvisst gegn vinnuslysum, atvinnusjúkdómum og snemmteknum starfslokum.

Lenging starfsaldurs er mikilvægt markmið fyrir þjóðarbúið og vinnuvernd. Saman verðum við að kanna hvaða áhrif vinnuskilyrði hafa á vinnumarkað ríkjanna, skiptast á reynslu og meta ástandið frá sjónarhóli fyrirtækja.

Framvegis verðum við að leita markvissra leiða til að sporna gegn vinnuslysum og taka mið af áætlun ESB um öryggi og hollustu á vinnustöðum. Í því sambandi ber einnig að miða sérlegar vinnuverndaraðgerðir við erlent vinnuafli og læra af reynslu hvert annars af kynningu fyrir nýtt starfsfólk.

Þríliða ráðstefna um tilhögun vinnutíma og sveigjanleika

Tilhögun vinnutíma hefur tekið töluverðum breytingum á undanförunum árum. Meginástæðan er sú að hagkerfi heimsins eru að allan sólarhringinn. Rannsóknir sýna að vinnutími á Norðurlöndum er sá sveigjanlegasti í Evrópu. Útskýringanna er að leita í norræna vinnumarkaðslíkaninu þar sem aðilar vinnumarkaðarins geta ákveðið vinnutíma í kjarasamningum. Tilhögun vinnutímans hefur verið brjóstvörn gegn atvinnuleysi á tímum efnahagslæggðar. Vinnutíminn hefur einnig mikil áhrif á vellíðan starfsfólks og lengingu starfsaldurs.

Markmið ráðstefnunnar er að fulltrúar yfirvalda, fræðimenn og aðilar vinnumarkaðsins skiptist á skoðunum um hvernig tilhögun vinnutíma getur fullnægt þörfum fyrirtækja og starfsfólks fyrir sveigjanleika og öryggi. Þá verða kynntar lausnir á tilhögun vinnutíma sem hafa gefið góða raun.

Löggjafarsamstarf

Í gegnum löggjafarsamstarf hefur verið hægt að fylgja norrænum grundvallarreglum við gerð laga í ríkjunum. Markmiðið er að gera löggjöfina samþærilegri og fjarlægja þannig stjórnsýsluhindranir og auðvelda samskipti Norðurlandabúa. Norrænir starfshópar vinna að undirbúningi laga en embættismenn eiga einnig óformlegt samstarf.

Mikilvægur þáttur í samstarfinu er löggjafarsamstarf hjá alþjóðastofnunum og víðar. Dómsmálaráðherrar og ráðuneyti þeirra á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum eiga náið samstarf um einkamál og sakamál.

Á formennskuári Finna verður lögð áhersla á:

- réttarríkið, t.d. þegar tafir verða á réttarhöldum
- áhrif Evrópuréttar á norrænt samstarf
- stuðning við hagnýtt samstarf

ESB-dómstóllinn hefur áhrif á hefðbundið löggjafarsamstarf norrænu ríkjanna. Í samstarfinu ber æ oftast á góma málefni sem verða ólíkar lausnir í dómskerfum ríkjanna á sviðum sem EU-reglur ná til. Á formennskuári Finna verður framtíð löggjafarsamstarfsins rædd. Samstarfið hefur enn hlutverki að gegna varðandi samþættingu ESB-löggjafar í dómskerfum ríkjanna og afnám stjórnsýsluhindrana.

Á síðari árum hefur áherslan verið lögð á refsilög og beitingu þeirra, auk einkaréttar. Samstarfið hefur aukist, m.a. um sáttamiðlun í sakamálum en ráðgert er málþing á árinu um stöðu brotaþola. Á formennskuári Finna verða ræddar leiðir til að efla norræn tengsl, t.d. starfsmannaskipti embættismanna. Þannig mætti tryggja skilvirkni samstarfs sem ráðgert er um viðurlög refsinga.

Samstarf um málefni Sama

Norrænu ríkin starfa saman að málefnum Sama í embættismannanefnd sem sett var á laggirnar að tilmælum Norðurlandaráðs. Þá eru haldnir fundir reglulega með ráðherrum sem hafa umsjón með málefnum Sama og forsetum Samþinganna.

Á árinu 2011 gegna Finnar einnig formennsku í Norrænu embættismannanefndinni um málefni Sama.







norden

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 København K

www.norden.org



**Sekretariatet
för nordiskt samarbete
Utrikesministeriet**

Maringatan 22 H
FIN-00160 Helsinki
Finland

Sími: +358 9 1605 5614

ANP 2010:776
ISBN 978-92-893-2155-6

